

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn og kt. rekstraraðila: Matorka, Húsatóftum Kt. 500412-0540	Dags. eftirlits: 19. 12. 2016	Staðsetning stöðvar: Húsatóftum, Grindavík	Starfsleyfisflokkur: 4
Tengiliður: Sveinbjörn Oddsson	Netfang: sveinbjorn@matorka.is	Sími: 8680049	Gerð stöðvar: Landeldi
Gildistími starfsleyfis: 10.09.2026	Kvittun afhend: Já	Viðstaddir eftirlit: Jón Garðar Jensson	Fulltrúi heilbrigðiseftirlits: Enginn

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	x			Klakfiskaeldi á lax, bleikju og regnboga sem og laxahrogn, allt að 200t á ári.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	x			Fyrsta eftirlit UST/MAST Engin starfsemi er í stöðinni en reiknað er með að fiskur komi inn í stöðina í jan/feb á næsta ári.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).			x	Enginn fiskur er í stöðinni en vísað er í gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?			x	Ekki er krafa í starfsleyfi um að ársskýrsla sé send eftirlitsaðila en hún skal vera aðgengileg í eftirlitum.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			x	Á ekki við
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir til staðar? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og		x		Þar sem Matorka hefur nýverið tekið við stöðinni er ekki búið að vinna áhættumat og viðbragðsáætlun en verður send eftirlitsaðila fyrir lok janúar 2017. Félagið er með slíkar áætlanir í öðrum stöðvum.

ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)				
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			x	Á ekki við
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	x			
Er neyðaráætlun til staðar?		x		Þar sem Matorka hefur nýverið tekið við stöðinni er ekki búið að vinna neyðaráætlun en verður send eftirlitsaðila fyrir lok janúar 2017. Félagið er með slíkar áætlanir í öðrum stöðvum.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?			x	Umhverfismarkmið og umhverfisstefna
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	x			Fóðrun mun fara fram með sjálfvirkum fódurbúnaði frá Vaka. Stýring á fóðrun uppsett eftir áætlaðri fódurþörf en daglegt eftirlit með fóðrun m.a. með handfóðrun og eftirliti með frárennsli.
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?			x	Þar sem Matorka hefur nýverið tekið við stöðinni er ekki búið að setja upp skráningakerfi en það verður gert þegar fiskur kemur í stöðina í samræmi við starfsleyfi.
Ástand frárennslis (landeldi). Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitaupgufun frá frárennsli? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennsli?	x			Frárennsli frá stöðinni hefur verið til sjávar allt frá upphafi starfseminnar. Ekki er vitað til þess að fram að þessi hafi mengun verið frá frárennsli. Þegar starfssemi hefst í byrjun næsta árs, verður eftirlit með frárennsli og skráning í samræmi við ákvæði starfsleyfis.
Nánari lýsing á mengunarsvæðum í	x			Sjá fyrri lið

frárennsli, síjun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.				
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	x			Viðtaki er Atlantshafið og hefur verið um áratugaskeið.
Umhverfi sjókvía. Hvernig er fylgst með uppsöfnun fóðurleifa – þarf að fylgjast með? Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu?			x	Á ekki við
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.			x	Engin starfsemi er í stöðinni eins og er.
Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi?			x	Á ekki við
Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar?			x	Á ekki við
Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð?			x	Á ekki við
Meðhöndlun úrgangs og spiliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?			x	Þar sem Matorka hefur nýverið tekið við stöðinni er ekki búið að setja upp gæðakerfi s.s. meðhöndlun úrgangs en það verður gert þegar fiskur kemur í stöðina í samræmi við starfsleyfi.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?			x	Þar sem Matorka hefur nýverið tekið við stöðinni er ekki búið að setja upp umhverfisvöktun en það verður gert þegar fiskur kemur í stöðina í samræmi við starfsleyfi.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.			x	Á ekki við

Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			x	Á ekki við
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	x			Næstu mælingar verða í samræmi við ákvæði starfsleyfis.

Niðurstöður síðasta eftirlits:	
Fyrsta eftirlit UST/MAST til rekstraraðila.	
Samantekt:	Engin starfsemi er í stöðinni eins og er, en fyrirhugað er að fiskur komi í stöðina í jan/feb á næsta ári. Rekstraraðili vinnur að gerð þeirra áætlana sem krafist er í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi og sendir eftirlitsaðila afrit af tryggingaskýrteini varðandi bráðamengunar hafs- og stranda.
Frávik	Engin frávik komu fram við eftirlit.
Athugasemdir	Athugasemdir voru gerðar varðandi skráningar í rekstrarhandbók og mat á losun efna út í umhverfið. Athugasemdir eru einnig gerðar við að rekstraraðili hefur ekki unnið áhættumat og viðbragðsáætlun v. bráðamengunar, neyðaráætlun v. rekstrarstöðvunar og vöktunaráætlun. Rekstraraðili hefur nýverið tekið við rekstri stöðvarinnar og vinnur nú að þessum áætlunum og sendir til eftirlitsaðila um leið og þær eru tilbúnar.
Annað	

Undirskrift eftirlitsmanns:

G. Stella Arnadóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Matorka Húsatóftum, Grindavík



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	19.12.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Matorka	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Húsatóftum	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	500412-0540	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Sveinbjörn Oddsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Jón Garðar Jensson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlitið en tvær athugasemdir voru gerðar varðandi skráningar í rekstrarhandbók og mat á losun efna út í umhverfið. Einnig eru gerðar athugasemdir við að áhættumat, viðbragðsáætlun v. bráðamengunar, vöktunaráætlun og neyðaráætlun vantar. Rekstraraðil hefur nýverið tekið við rekstri stöðvarinnar og vinnur nú að þessum áætlunum og sendir til eftirlitsaðila um leið og þær eru tilbúnar.

UMFANG EFTIRLITS

Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Farið var í stöðina og hún skoðuð. Enginn fiskur var í stöðinni en verið var að sóttreinsa hana eftir að upp kom nýrnaveiki.

Engin starfsemi er í stöðinni eins og er, en fyrirhugað er að fiskur komi í stöðina í jan/feb á næsta ári. Rekstraraðili vinnur að gerð þeirra áætlana sem krafist er í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi og sendir eftirlitsaðila afrit af tryggingaskírteini varðandi bráðamengunar hafs- og stranda.

ATHUGASEMDIR

Athugasemdir voru gerðar varðandi skráningar í rekstrarhandbók og mat á losun efna út í umhverfið. Athugasemdir eru einnig gerðar við að rekstraraðili hefur ekki unnið áhættumat og viðbragðsáætlun v. bráðamengunar, neyðaráætlun v. rekstrarstöðvunar og vöktunaráætlun. Rekstraraðili hefur nýverið tekið við rekstri stöðvarinnar. Eftirlitsaðila var send handbók fyrir fiskeldið í Húsatóftum, með tölvupósti þann 11. janúar sl. og inniheldur hún drög að umhverfismarkmiðum, vöktunaráætlun, viðbragðsáætlun, innra eftirliti og áætlun vegna stöðvunar rekstrar. Einnig kemur fram í tölvupóstinum að dagleg skráning sé hafin í stöðinni.

ANNAÐ

Skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnareftirlit og reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun skal rekstraraðili vinna vöktunaráætlun fyrir svæðið í samráði við Umhverfisstofnun. Skráningar og niðurstöður vöktunar eiga að vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

Einnig skal rekstraraðili vinna neyðaráætlun sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar, áhættumat og viðbragðsáætlun þar sem tekið er á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp.

Rekstraraðili skal skila inn afriti af tryggingaskírteini vegna bráðamengunar skv. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004.

Skv. starfsskilyrðum fyrir fiskeldi í á landi ber rekstraraðila að halda dagbók um framleiðslumagn á hverjum stað atvik er varða mengunarvarnir og áhrif á umhverfi og kvartanir og/eða athugasemdir sem berast. Skal eftirlitsaðili hafa aðgang að þeirri dagbók.

Reykjavík, 13.01.2017

- Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu

G. Stella Arnadóttir

heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Guðbjörg Stella Árnadóttir